

Garðabæ, 10.10.2014

FRÉTTATILKYNNING

Innköllun á Ekta Bernaisesósu undir vörumerkinu MatarGaldur framleitt af Kjarnavörum vegna vanmerkts ofnæmis- og óþolsvalds (súlfít)

Kjarnavörur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, hafa ákveðið að innkalla Ekta Bernaisesósu undir vörumerkinu MatarGaldur vegna vanmerkts ofnæmis- og óþolsvalds (súlfít), samkvæmt reglugerð um merkingu matvæla nr. 503/2005.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki: MatarGaldur

Vöruheiti: Ekta Bernaisesósa

Strikanúmer: 5734110043552

Best fyrir: Allir þökkunardagar til og með 3.1.2015

Framleiðandi: Kjarnavörur

Dreifing: Krónan um allt Land og Verslanir Víðis (Garðabæ og Skeifunni)

Tekið skal fram að varan er skaðlaus þeim sem ekki eru viðkvæmir fyrir súlfíti.

Þeir neytendur sem eiga umræddar vörur og eru viðkvæmir fyrir súlfíti eru beðnir um að hafa samband við Kjarnavörur í síma 565-1430

